

Búum okkur undir aðgerðir

til að verja kjör okkar!

Við semjum fyrir okkur sjálf!

Síðustu mánuði höfum við Eflingarfélagar lagt fram sanngjarnar kröfur, en atvinnurekendur neitað að ræða þær. Þeir vilja að við göngum að samningum landsbyggðarfélaga, og vanvirða þannig sjálfstæðan samningsrétt okkar.

Aðstæður okkar skipta máli!

Laun okkar þurfa að hækka nóg til að halda í við verðbólgu og tryggja okkur sanngjarnan hlut í verðmætasköpun. Þessu hafa atvinnurekendur hafnað.

Þeir hafa líka hafnað því að laun okkar miði við framfærslukostnað og sagt það „ómálefnalegt“. Samt er miklu dýrara að lifa á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu. Þess í stað krefjast atvinnurekendur þess að Eflingarfélagar starfi á launakjörum sem eru miðuð við framfærslukostnað á landsbyggðinni.

Stöndum saman, sýnum mátt!

Atvinnurekendur ætla ekki hlusta á rök eða skynsemi. Samninganefnd Eflingarféлага hefur því samþykkt að hefja undirbúning verkfallsaðgerða. Við látum ekki hafa af okkur sjálfstæðan samningsrétt. Við krefjumst viðurkenningar á framfærslukostnaði á höfuðborgarsvæðinu.

Samninganefnd Eflingar biður alla Eflingarféлага um að sýna samstöðu, vera í viðbragðsstöðu og að kynna sér upplýsingar um framkvæmd verkfalla.

Þegar Eflingarfélagar standa saman – fjölmennir og sýnilegir – sköpum við þrýstinginn sem þarf til að atvinnurekendur hlusti á kröfur okkar.



Hvað þýðir verkfall?

- **Verkföll eru réttur verkafólks** samkvæmt íslenskum lögum (sjá lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938). Uppfylla þarf öll skilyrði laganna og standa rétt að undirbúningi.
- Verkföll eru **öflugasta tæki verka-fólks** til að þrýsta á um kröfur sínar þegar aðrir leiðir hafa verið fullreynðar. Efling stóð fyrir 5 verkfallsboðunum í kjarasamningalotunni 2019-2020 sem allar skiluðu miklum árangri.
- **Verkfall þarf að fá meirihluta-samþykki** í kosningu meðal þess verkafólks sem fer í verkfallið. Kosningin er nafnlaus og atvinnurekandi getur ekki komist að því hver kaus með og hver á móti verkfalli.
- Það er óheimilt og **ólöglegt að segja upp fólki meðan á verkfalli stendur**, og atvinnurekanda er óheimilt að ráða nýtt fólk í vinnu til að gegna störfum þeirra sem eru í verkfalli.
- **Efling greiðir félagsfólki verkfallsstyrk** fyrir hvern dag sem það missir tekjur vegna verkfalls. Sækja þarf um verkfallsstyrkinn og nánari skilyrði kunna að vera sett, svo sem að mæta á tiltekinn stað til að skila umsókn.

Hvar stendur deilan?

Samninganefnd Eflingar hefur staðið í viðræðum við SA síðan í október, þegar kröfugerð var lögð fram. Nefndin hefur fundað 20 sinnum, þar af sex sinnum með SA.

Viðræðum var vísað til ríkissáttasemjara í desember en hafa engan árangur boðið þótt samninganefnd hafi gert SA þrjú tilboð eftir að kröfugerð var lögð fram.

Fylgstu með nýjustu fréttum af viðræðum á www.efling.is!

Við erum ómissandi - Við sköpum verðmætin

